

Efni: Viljayfirlýsing um þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum

Umhverfis- og auðlindaráðherra (hér eftir ráðherra) og Ísafjarðarbær og Vesturbyggð (hér eftir sveitarfélögin) gera með sér viljayfirlýsingu um málefni þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum og þróun þjóðgarðsins til framtíðar.

Stofnun þjóðgarðs á Vestfjörðum skapar tækifæri til að renna frekari stoðum undir náttúruvernd á því svæði sem er innan auglýstra marka hans. Stofnun þjóðgarðs á jafnframt að tryggja almenningi aðgang að svæðinu til útivistar og fræðslu og því skiptir máli að ný stöðugildi fylgi stofnun þjóðgarðsins og að uppbygging innviða eigi sér stað í þjóðgarðinum.

Yfirlýsingin áréttar sameiginlegan vilja ráðherra og sveitarfélaganna varðandi þá innviðaupbyggingu og uppbyggingu starfa sem fram þarf að ganga til að markmiðum með stofnun þjóðgarðsins verði náð.

Gestastofur

Mikilvægt er að huga að aðkomu og þjónustu við gesti þjóðgarðsins við helstu aðkomuleiðir hans. Aðilar viljayfirlýsingar eru sammála um að hefja strax undirbúning að uppbyggingu gestastofa við aðkomuleiðir norðan og sunnan þjóðgarðsins. Við uppbygginguna verði horft til þess að nýta húsnæði sem er til staðar á svæðinu, eða nýbyggingar ef ekki finnst hentugt húsnæði. Ákvarðanir um uppbyggingu slíks húsnæðis þurfa að byggja á faglegri greiningu, vönduðum undirbúningi og skipulagi.

Horfa þarf til þess að innviðaupbyggingin þjóni sem best heildarhagsmunum svæðisins og taki mið af náttúrufari, þolmörkum, þjónustustigi og þörfum gesta til framtíðar.

Aðrir innviðir

Í samræmi við skipulag er gert ráð fyrir vegaframkvæmdum við Vestfjarðaveg og Bíldudalsveg innan þjóðgarðs. Aðilar viljayfirlýsingarinnar eru sammála um að brýnt sé að styrkja afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum líkt og sérstök áhersla er lögð á í þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku frá árinu 2018. Með stofnun þjóðgarðs verður horft til leiða sem best samrýmast umhverfissjónarmiðum.

Brýnt er að í þjóðgarðinum verði gert ráð fyrir fjölbreyttum ferðamáta. Ásamt því að stika og viðhalda þeim gönguleiðum sem fyrir eru á svæðinu þá þarf að tryggja að bílastæði og salerni verði til staðar fyrir gesti garðsins. Tryggja verður að sjónarmið algildrar hönnunar verði höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og mannvirkja eins og við verður komið.

Aðilar viljayfirlýsingarinnar eru sammála um að ásamt gestastofum þurfi önnur smærri verkefni einnig að koma til framkvæmda, svo sem stíga- og skiltagerð, skilgreining reið- og hjólaleiða, lagfæringar bílastæða, o.fl. Við verkefnin er nauðsynlegt að huga að samráði við hagaðila, m.a. Vegagerðina, o.fl.

Mannaflapörf

Stofnun þjóðgarðs felur í sér aukna þjónustu við ferðamenn innan svæðisins. Aðilar viljayfirlýsingarinnar eru sammála um að nýtt heilsársstöðugildi, staða þjóðgarðsvarðar, verði auglýst strax við stofnun þjóðgarðsins til viðbótar við þær stöður sérfræðings og landvarða í hlutastörfum sem fyrir eru á sunnanverðum Vestfjörðum. Þá verði staða heilsársstarfsmanns á svæðinu auglýst á árinu 2022 og landvörðum í tímabundnu starfi fjölgað. Brýnt er að brugðist verði við aukinni mannaflapörf samhliða væntri fjölgun ferðamanna.

Dagsetning XX/XX 2021

f.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Vesturbyggðar

umhverfis- og auðlindaráðherra

DRÖG